

Skólanefndarfundur 22.01.2015

Mættir: Kári Bjarnason, Jórunn Einarsdóttir, Trausti Hjaltason, Sigurlaug Björk Böðvarsdóttir, Elín Jóhannsdóttir, Hafsteinn Gísli Valdimarsson, Thelma Gunnarsdóttir Margrét Lilja Magnúsdóttir og Helga Kristín Kolbeins

Settur skólameistari bauð fundarmenn velkomna og stjórnaði fundi.

Dagskrá

1. Skólastarfið, skólameistari gerði grein fyrir uppgjöri haustannar

Námið hófu 260 nemendur nám (236 nemendaígildi) 5,8% brottfall var á önninni. (7% brottfall haustönn 2013). *Markmið í skólasamningi er að brottfallið verði ekki meira en 7% á árinu 2015.*

Staðnar einingar voru 89% af þeim sem prófað var í. (90% staðið haust 2013).18 útskrifuðust á önninni. Mætingar: 100 einstaklingar voru með yfir 90% raunmætingu. Nemendur tóku þátt í Boxinu voru í öðru sæti.

Innra mat: Áfangamat **Plús Delta.**

Gæðamat: Kennsla áfanga (miðannarmat áfanga, lokauppgjör), námsmat.

Stærðfræðikennsla viðbrögð við úttekt, fundur með GRV, þátttaka í námsstefnu HÍ

Ytra mat: Nám og væntingar, SASS

Skólameistari gerði einnig grein fyrir könnun sem SASS stóð fyrir og gerð var hjá atvinnulífinu, nemendum í 10 bekk, nemendum í FÍV og á meðal forráðamanna nema í 10 bekk í haust.

Helstu verkefni á haustönn:

- Notkun snjalltækni í stærðfræði- og raungreinánámi (stærðfræði-, raungreina- og verkgreinakennarar) (Styrkur frá EFTA)
- Innleiðing gæðahandbókar (kennarar, forstöðumaður bókasafns auk starfsmanns)
- Námsmat (kennarar) (styrkur frá Rannís)
- Námskrá (kennarar)

2. Skólameistari lagði fram starfsáætlun vorannar gerði grein fyrir breytingum á starfsmannahaldi og fyrirhuguðum breytingum á nýtingu húsnæðis. Gerði jafnframt grein fyrir helstu verkefnum á vorönninni:

3. Skólameistari gerði grein fyrir fjárhagsafkomu skólans og hvernig brugðist verður við slæmri stöðu.

4. Lögð var fyrir endurskoðuð gjaldskrá og hún samþykkt

5. Önnur mál:

Óskað var eftir að fleiri fundir í skólanefnd væru haldnir því miður varð ekki af því á haustönn.

Ljóst að mörg mál liggja fyrir á næstu vikum sem verða að vinnast hratt og æskilegt að við hittumst reglulega til að fara yfir málin.